

Ég opnaði símann og skráði mig inn á moodle, vefsíðuna sem við notuðum til að fylgjast með kennsluáætlunum, einkunnum og öðru sem tengdist skólanum. Ég opnaði náttúrulæsis rásina og leitaði að viku 8. Fyrir neðan textann sem sagði vika 8 (28. Október – 4. Nóvember) voru tvö kunnugleg augu sem stórðu á mig, ég hafði aldrei séð þessi sömu augu fyrir en mörg svipuð. Augunum fylgdi svo lítill brosandir munnur og krúttlegur kringlóttur búkur. Litli brosandir munnurinn kynnti sig og sagðist heita Heimildaritgerð Verkefnaskil og koma frá fjarlægum landi sem aðeins væri til í tölvum kennara og annara hátt settra aðila. Ég tók strax eftir litlu 14% merki á kringlóttum búknum og vissi því að hann væri grimmar og valdameiri en hann virtist og honum væri kannski ekki treystandi. Ég vissi að hann vildi fá verkefni frá mér, hann vildi fá einhvern texta eða eitthvað skjal. Heimildaritgerð Verkefnaskil veifaði hendinni með merkingunni aðeins til að fanga athygli mína aftur. Hann hlaut að hafa tekið eftir svipnum sem kom á mig því hann brosti traustvekjandi og sagði „það er ekkert stress, kallaðu mig bara Hemma, allir vinir mínir gera það“. Ég vissi að ég ætti ekki að treysta honum en ég nennti ekki að losa mig við hann, ég átti ekkert til að skila inn, ekkert til að gefa honum. Hann færi ekki að heimta neitt strax enda hafði ég meira en tvær vikur til þess að redda einhverju. Ég vildi ekki eyðileggja góða skapið sem ég hafði verið í 10 mínútum áður svo ég lokaði Internetinu og fór að spila tölvuleik. Hemmi gerði ekki við sig vart fyrir en eftir tvo daga þegar ég opnaði moodle aftur. Hann skaust upp og brosti glaðlega til mín með augun full af eftirvæntingu og ég vissi að hann var orðinn spenntur að fá eitthvað. Ég tók fram allar mínar bestu afsakanir og raðaði á disk og áður en ég vissi af var hann búinn að háma þær allar í sig. Svona hélt þetta áfram, hann birtist og ég skaffaði honum nýjar og nýjar afsakanir í gogginn. Ég var þó meðvituð um að tíminn sem ég hefði væri farinn að stytast og traustvekjandi brosið væru að verða óþolinmóðari. Mig langaði að gefa honum eitthvað fullnægjandi svo ég myndi losna við hann, hætta að mata hann með endalausum afsökunum og fylgjast bara með honum stækka. Það var bara svo ofboðslega auðvelt að skrökva einhverju og lofa að gera það á morgun eða hinn. Þegar ég átti aðeins 2 daga eftir var Hemmi orðinn svo stór að ég gat ekki hunsað hann og litla sæta brosið var farið að breytast í stórt og gráðugt glott. Hann birtist ekki lengur bara inn á moodle heldur fylgdi hann mér um og þegar að ég sá hann ekki fann ég fyrir óþægilegri nærveru hans. Það var svo daginn sem tíminn rann út að ég sat í tíma og hugsaði um Hemma og hvað ég ætti til bragðs að taka þegar allt fór að nötra. Ég leit í kringum mig en hinir krakkarnir sátu sem fastast, hlógu, spjölluðu og tóku greinilega ekki eftir dynkjunum og drununum. Ég reyndi að hunsa lætin en

borðið mitt hristist og blýantur datt hvað eftir annað af borðinu, alveg sama hversu oft ég tók hann upp úr gólfinu. Ég endaði á því að standa upp og labba hægt og rólega fram til þess að líta í kringum mig. Veggirnir voru óvenjulega gráir og þegar ég leit aðeins í kringum mig fannst mér allt hálf litlaust og kalt. Ég gekk aðeins áfram í hristingnum eftir einum ganginum og mér fannst það litla sem hafði verið eftir af lit sogast í burtu og mér fannst loftið fylgja. Ég reyndi að draga andann djúpt en ekkert virtist komast inn í lungun. Ég hljóp í áttina að útganginum á meðan ég reyndi að halda jafnvæginu því dynkirnir jukust svo mikið að allt húsið hristist. Mér fannst það taka margar klukkustundir að komast út til að draga andann djúpt og finna þonsu loft komast inn um nefið og alla leið niður í lungun. Það var þá sem ég mundi hví ég hafði upprunalega staðið upp úr sætinu mínu. Ég leit í kringum mig og það var ekki fyrr en ég tók eftir öllum snjónum að ég áttaði mig á að mér væri skítkalt. Næst tók ég eftir að dynkirnir voru farnir að minnka jörðin hætt að titra. Ég róaðist ögn þangað til að ég snéri mér við og sá tvo ofvaxna fætur fyrir framan mig. Ég horfði upp eftir fótunum og upp á risastóran kringlóttan bók. Efst á rísa stóra bóknum var svo höfuð með augum sem ég hafði oft horft í og munninn sem beyglaðist í hálfgerða grettu sem átti líklega að vera bros. Það var komið að því. Hemmi var ekki lengur bara eitthvað lítið og krúttlegt sem hægt var að fresta. Á hann höfðu vaxið einhverskonar tennur og kringlótti bókurinn var orðinn sterklegur. Í smá stund stóðum við þarna og horfðum hvort á annað áður en bros grettan hvarf og hann rak upp öskur. „ÞÚ VEIST HVAÐ ÉG VIL“ hljómaði svo hátt að hárið á mér feyktist aðeins aftur á bak. Án þess einu sinni að hugsa snéri ég mér við og hljóp af stað. Niður tröppurnar fyrir framan skólann og yfir bílastæðið. Á miðju bílastæðinu fór jörðin að hristast aftur og ég vissi að Hemmi væri kominn af stað á eftir mér. Ég stoppaði ekki þó að allt hristist svo mikið að ég gat varla staðið í lappirnar. Ég hljóp og hljóp en mér fannst ég varla hreyfast. Lætin og nötrið jókst og ég fann að hann var að ná mér. Allt í einu fann ég eitthvað ýta við mér, eitthvað oddhvasst og ískalt. Það var algjör óþarfi að kíkja hvað þetta væri því ég vissi vel að þetta væri langur puttinn á Hemma. Ég tók krappa beygju og vonaði að ná smá forskoti. Ég hljóp eins og ég gat og reyndi hvað eftir öðru að taka stærri skref. Ég átti enn þá erfitt með að anda en hunsaði það algjörlega. Ég hljóp bara og hljóp því ég gat ekki gert neitt annað en að flýja. Á endanum datt ég svo aftur og fann puttana á Hemma læsast um aðra löppina á mér. Ég hafði lokað augunum þegar ég datt en ég opnaði þau aftur í tæka tíð til þess að sjá munn Hemma nálgað óðfluga. Svo varð allt dimmt og kalt. Ég rankaði við mér einhverju seinna einhver staðar þar sem allt var lýst upp með hvítu ljósi. „Kannski er þetta himnaríki“ hugsaði ég með mér en

Það gat eiginlega ekki verið. Hér var of kalt og of mikil læti. Það var einhver að kalla nafn mitt, einhver að sussa og einhver að hvísla. Ég opnaði loksins augun til fulls og sá andlitið á fallegrri ungrri konu og mömmu minni. Mamma byrjaði að skammast eitthvað en ég meðtók það ekki. Það var ekki fyrr en unga konan sussaði þolinmóð á mömmu að ég áttaði mig á því að þetta væri einhverskonar læknir. Hún byrjaði að blaðra eitthvað en ég náði því heldur ekki. Þegar ég horfði skilningsvana á hana og sagði „ha?“ þá hægði hún allverulega á sér og útskýrði hvað hafði gerst. Ég hafði allt í einu staðið upp úr tíma og hlaupið út. Ég hafði svo hlaupið eitthvað um úti þangað til að ég hafi farið að ofanda og það hafi liðið yfir mig. Ég ákvað að nefna ekki Hemma við hana því innst inni vissi ég alveg að hann hefði ekki hlaupið á eftir mér eða heimtað neinar afsakanir í gogginn. Mamma vissi það líka og var orðin hálf pirruð á því hvað þetta gerðist oft. Þegar við settumst inn í bíl sagði mamma ekkert svona fyrst um sinn en ég vissi hvað ætti eftir að koma. Svo kom það. Djúpt andvarp og svo „þú veist að þú þarft að taka þig á, það þýðir ekki að vera alltaf að lenda í þessu“. Ég leit niður í kjöltu mér og kinkaði kolla „ég veit mamma“ sagði ég svo bara til þess að segja eitthvað. Við vissum báðar að ég væri með einhverskonar frestunar áráttu sem hafði byrjaði sakleysislega. Það var ekki fyrr en núna á fyrsta ári menntaskóla að augun hefðu farið að byrtast og litlu munnarnir að tala við mig. Mig langaði ekki að fresta hlutunum, ég var ekki löt eða neitt svoliðis. Þetta bara gerðist.